

27. september 2022 klukkan 13:30, að Víkurbraut 62

Mætt voru:

Kjartan Fr. Adólfsson (bæjarskrifstofur)

Soffía Snædís Sveinsdóttir (bæjarskrifstofur)

Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir (Grunnskólinn)

Örn Sigurðsson (Grunnskólinn)

Ólafur Sigurberg Hafsteinsson (Túngata 15-17)

Fríða Egilsdóttir (leikskólanum Laut)

Margrét D. Guðmundsdóttir (leikskólanum Laut)

Einar Sveinn Jónsson (slökkvilið)

Baldur Pálsson (þjónustumiðstöð) var fjarverandi.

Nefndin hefur ekki fundað síðan 2019 og því byrjaði fundurinn á smá upprifjun á hlutverki nefndarinnar auk þess sem nýir nefndarmenn voru settir inn í mál.

1. Núverandi nefndarmenn eru eftirfarandi:

Stofnun	Vinnuverndarvörður	Vinnuverndartrúnaðarmaður
Grunnskólinn	Örn Sigurðsson	Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir
Bæjarskrifstofa	Kjartan Fr. Adólfsson	
Leikskólinn Laut	Fríða Egilsdóttir	Margrét D. Guðmundsdóttir
Íþróttamiðstöð		
Þjónustumiðstöð		Baldur Pálsson
Grindavíkurhöfn		
Túngata	Ólafur Hafsteinsson	
Slökkvilið	Einar Sveinn Jónsson	

Auk þess hefur Soffía Snædís verið skipuð starfsmaður nefndarinnar.

Íþróttamannvirki: fulltrúa vantar, Þórhildur Rut Einarsdóttir, hefur lokið sínum tíma sem vinnuverndartrúnaðarmaður og þakkar nefndinn henni vel unnin störf. Ekki hefur tekist að fá sjálfboðaliða, þrátt fyrir tilraunir forstöðumanns. Soffía mun ýta á að trúnaðarmaður verði valinn og til vara að vinnuverndarvörður verði tilnefndur.

Miðgarður: Upprunalega átti fulltrú Túngötu að vera bæði fyrir Miðgarð og Túngötu, enda var hugmyndin á þeim tíma að meira flæði væri á starfsfólki milli þessa stofnan en raun varð.

Samkvæmt leiðbeiningum frá Vinnueftirlitinu er ekki gott að vinnuverndartrúnaðarmaður sé ekki hluti af starfsteymi viðkomandi stofnunar. Auk þess er einver eðlismunur á starfsemi Miðgarðs og Túngötu og því eðlilegt að sér fulltrúi sé frá hvorri stofnun. Við Miðgarð starfa nú 6 starfsmenn og mun Soffía fara þess á leit við forstöðumann að tilnefndur verði öryggistrúnaðarmaður.

Tónlistarskólinn, bókasafn og Þruman: Örn telur að þessi starfsemi heyri undir grunnskólann, enda ber hann ábyrgð á húsnæðinu í heild. Örn kannar hvort áætlanir nái ekki örugglega yfir þessar stofnanir. Ef svo er þarf að tryggja að starfsmenn þessara stofnana fái kynningu og viti hvert þeir eiga að leita.

Slökkvilið: hjá slökkviliði starfa 20 slökkviliðsmenn í hlutastarfi auk slökkviliðsstjóra sem er í fullu starfi. Einar ætlar að kanna möguleikann á að slökkviliðsmenn kjósi sér vinnuverndartrúnaðarmann.

Höfnin: höfnin hefur hvorki kosið sér vinnuverndarstrúnaðarmann, né hefur vinnuverndarvörður verið skipaður. Nefndin leggur til að vinnuverndarvörður verði skipaður og mun Soffía ýta á það mál.

2. Kosning formanns og ritara

Samkvæmt samþykktum nefndarinnar skal hún kjósa sér formann og ritara. Kjartan, núverandi formaður gefur ekki áfram kost á sér. Raunar leggur hann fram vantraust tillögu á sjálfan sig. Lagt er til að Örn verði kosinn formaður Vinnuverndarnefndar 2022-2024 og er tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og lófataki. Soffía býður sig fram í starf ritara og er það samþykkt.

3. Staða verkefna.

Helstu verkefni eru listuð upp á síðu Vinnuverndarnefndar á grindavik.is. Nefndin renndi yfir listann til að taka stöðu og sjá hvað þarf að vinna áfram.

-Áhættumat á stofnunum hefur verið gert, en kominn er tími á endurskoðun á áhættumati.

Fríða leggur til að áætlun sé sett fram um endurskoðun áhættumats og að endurskoðun liggi fyrir í september á hverju ári (fyrir gerð fjárhagsáætlunar).

Nefndin felur Soffíu að taka saman stöðu á áhættumati fyrir hverja stofnun til kynningar fyrir næsta fund.

-Kynna starfsmönnum þá áhættu. Er kynnt sérstaklega fyrir nýjum starfsmönnum og á starfsmannafundum. Nefndarmenn munu skerpa á þar sem þörf er á.

-Fylgjast með að ekki viðgangist einelti á vinnustaðnum

Eineltisáætlun var útbúin fyrir Grindvíkurbæ í heild. Áætlunin var svo unnin áfram á hverri stofnun fyrir sig og útbúin aðgerðaráætlun. Fríða sendir sína áætlun áfram á Soffíu svo hægt sé að samnýta fyrir þær stofnanir sem ekki eru með virka eineltisáætlun.

- vélar og tæknibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu

- gæta þess að persónuhlífar séu til staðar, í góðu ástandi og notaðar í samræmi við reglur

- fylgjast með að skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma sé sinnt

Rýmingaráætlanir voru yfirfarnar á öllum stofnunum í vor. Einar er með allar áætlanir og vinnur að samræmingu áætlanirnar eru í grunninn mjög flottar.

Rýmingaráætlun hefur ekki verið kynnt fyrir starfsmönnum bæjarskrifstofa. Einar mun kíkja í heimsókn.

Skoða þarf almennt viðbragðsáætlanir og hvort þær taki á mögulegum ógnum.

-Hjartastuðtæki: þarf að ástandsskoða. Skoða hvort þörf er á kennslu.

-Soffía skoðar með námskeið há Vinnueftirlitinu fyrir öryggistrúnaðarmenn fyrir nýliða nefndarinnar

4. Ákvörðun fundartíma.

Ákveðið að funda á 6 vikna fresti. Soffía mun boða fundi á 6 vikna fresti, miðvikudögum kl. 13:30.

Ekki fleira gert og fundi slitið 14:33